

**125. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 24. apríl 2012 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Guðríður Þorvarðardóttir formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þorleifur Eiríksson og Þórólfur Halldórsson.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 124. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Deiliskipulagstillaga við Tröllenda í Flatey**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á deiliskipulagstillögu við Tröllenda í Flatey.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir athugasemd við texta í greinargerð undir fyrirsögninni matsskylda þar sem segir að Flatey sé hluti af friðlýsingu Breiðafjarðar skv. sérlögum nr. 54/1995. Rétt er að segja að Flatey sé hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar. Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar.

**Hönnun og vinna vegna göngustíga við Súgandisey**

Stykkishólmsbær hefur ákveðið að láta lagfæra göngustíga og áningarstaði í Súgandisey við Stykkishólm. Þörf er á bættri aðstöðu fyrir gesti eyjarinnar vegna aukins umgangs um eyjuna á undanförnum árum.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd fagnar áætlunum Stykkishólmsbæjar um lagfæringu göngustíga og áningarstaða í Súgandisey.

**Bréf Kristjáns Kára Jakobssonar**

Kristján Kári Jakobsson hefur óskað eftir upplýsingum varðandi veitt leyfi til siglinga nærri arnarhreiðrum. Hann nefndi aukna ásókn í siglingar um Suðureyjar, t.d. í nágrenni Rifgirðinga, Brokeyjar og Öxneyjar þar sem svo hagar til að flest eyjasund eru svo þróng að ekki er hægt að sigla þar í gegn án þess að brjóta friðhelgi netlaga og án þess að valda truflun á lífi sjófugla og annarra dýra á svæðinu. Kristján Kári óskar eftir því í erindi sínu að áður en leyfi til siglinga um þróng eyjasund verði veitt verði landeigendum gefinn kostur á að segja sitt álit um áætlaða siglingaleið skemmtibáta.

**Afgreiðsla:**

Það er byggt á misskilningi að Breiðafjarðarnefnd hafi gefið Sæferðum leyfi til að fara nær arnarhreiðri en lög leyfa. Breiðafjarðarnefnd annast ekki leyfisveitingar af þessu tagi.

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki upplýsingar um starfsemi Ocean Safari.

### Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011

Drög að starfsskýrslu Breiðafjarðarnefndar 2011 voru lögð fram og breytingar á texta voru gerðar.

### Árósasamningurinn

Farið var yfir athugasemdir með frumvarpi til laga vegna fullgildingar Árósasamningsins með tilliti til breytinga sem urðu á 6. grein laga um vernd Breiðafjarðar.

### Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd stefnir á að fara í vettvangsferð um Breiðafjörð um miðjan júlí. Ásgeir Gunnar, Eiríkur og Sigurður munu sjá um skipulagningu ferðarinnar.

### Önnur mál

**Fundi var slitið kl. 14:05**

**Næsti fundur er áætlaður 30. maí 2012.**